

Fræðsluþættir frá Geðhjálp

Við erum einstaklingar

Laugardaginn 28. apríl geng-ust sálfræðinemar fyrir náms- stefnu um geðlæknis meðferð út frá siðfræðilegu sjónarmiði. Námsstefnan var haldin í húsa- kynnum Háskólans, húsfyllir varð og urðu margir frá að hverfa. Fyrirlesarar voru Arnór Hannibalsson, Páll Skúlason frá heimspekideild Háskólans og Ingólfur Sveinsson geðlæknir, þeir fulltrúar mættu frá félaginu Geðhjálp, einn kynnti félagið, annar talaði frá sjónarhóli að- standenda og sá þriðji frá sjón- arhóli geðsjúklings, fyrirspurnir voru á eftir erindunum. Góður rómur var gerður að framlagi aðstandenda og geðsjúklings, og með leyfi geðsjúklings ætla ég að birta það.

Andrea

Við erum einstaklingar

Ég hef verið bedinn að segja frá minni reynslu af spítalavist

sem geðsjúklundur. Mér er það sérstök ánægja að fá þetta tækifæri frammi fyrir þessum hópi hér, þar sem ég geri ráð fyrir að hér sé fjöldi tilvonandi og núverandi starfsfólks geðsjúkrahúsa. Sérstaklega er það ánægjulegt að mér finnst ég tala hér sem jafningi með mína reynslu en ekki sem einhverskonar sýnis- horn, „specimen“, þess fjölskrúð- uga hóps er kallast geðsjúkl- ingar.

Og hér er ég strax kominn að mikilvægu atriði, hver einstak- ingur vill að hann sé virtur per- sönulega sem einstaklingur með ákveðna reynslu, ákveðna þjóð- félagsstöðu, ákveðna sjálfsvirð- ingu, tilfinningar, en ekki bara sem stór hluti stærri hóps án sérstöðu. Ég tel að margir sem dvelja á geðsjúkrahúsum verði varir við eða finnist að þeir séu meðhöndlaðir sem geðsjúkling- ar, það er talað niður til þeirra

líkt og við þekkjum að talað er til barna og gamals fólks.

Ég vil skipta geðsjúklungum í tvo hópa; í fyrsta lagi þá sem veikjast, en eru þó rétt eins og ég og þú. Þetta fólk er veikt ein- hvern tíma en lagast og tekur aftur sinn sess í þjóðfélaginu. En svo eru það þeir. Hópurinn, sem ég kys að nefna þeir, eru hinir svo að segja ólæknandi geðsjúkl- ingar. Þeir eru annaðhvort inni á stofnunum eða úti í þjóðfélaginu og hafa þá lífsviðurværi sitt oftast af almannafé. Þetta eru hinir krónísku og þá hrædist fólkið, og sá sem veikist á gedi afneitar þessum hópi algjörlega.

Ég er ekki einn af þeim, en þegar ég veikist og kem inn á deild er mér skellt með látum í gólfid og mér sagt að ég sé einn af þeim. En ég veit þó betur. Ég er ólíkur hinum.

Sjálfur hef ég verið lagður inn á geðdeild fjórum sinnum á tæp-

um sjö árum, en mér finnst ég ekki vera einn af þeim og á móti því berst ég af öllum mætti, að vera álitinn einn af þeim.

Starfsfólk á geðsjúkrahúsum

Til að sleppa málalengingum, finnst mér að frekar sé tilhneig- ing hjá ófaglærðu starfsfólki að sýna sjúklungum lítilsvirðingu, og eftir því sem fólk starfar lengur á geðdeildum versnar það. Háskólamentað fólk finnst mér sýna sjúklungum meiri virð- ingu, og er það ef til vill vegna þess að það býr við minna álag, og hefur minna daglegt sam- neyti við sjúklungana.

Sjúklingur á geðdeild vill hafa lækni á staðnum, hvort sem þetta er rökrétt eður ei, þá er þetta staðreyndin. Læknirinn er aftur á móti sá maður sem dvelst stystan tíma á deildinni, þó að

hann eigi að stjórna öllu varð- andi meðferð og lyfjagjöf.

Sjúklingur á geðdeild á erfitt með að aðlaga sig ýmsum regl- um sem gilda á deildinni. Síma- tímar eru takmarkaðir, ýmsar reglur gilda varðandi útvist sjúklunga. Ókunnugleiki nýs sjúklings er kemur inn á deild sviptir hann oft á tíðum venju- legum tengslum við umheiminn og annað fólk. Þarna þarf að vera meiri sveigjanleiki, því fólk hefur mismunandi þarfir.

Lokaorð

Annars er það merkilegt að þegar maður leggst inn á geð- deild, og er mikið ruglaður verð- ur maður miklu verri þegar inn á deild er komið. Ég held að sjúkl- ingar hafi örugglega áhrif hver á annan, oft neikvæð áhrif, vegna undarlegrar hegðunar. Það sagði líka maður við mig, þegar ég lýsti fyrir honum lífinu á geð- deild, að það væri nánast krafta- verk að ég hafi haldið fullum sönsum.

Þar sem hér eru sálfræðinem- ar og koma ef til vill til með að vinna á geðsjúkrahúsum, vil ég segja þetta.

Þegar ligg ég höls á bing brjáláður og fleira, sendu á mig sálfræðing svo ég ruglist meira.

Olav Einar Lindveit.